

Nd.

369. Frumvarp til laga

[206. mál]

um breytingu á lausaskuldum launafólks í löng lán.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Ólafur Ragnar Grímsson.

1. gr.

Veðdeild Landsbanka Íslands skal gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa samkvæmt ákvörðun Húsnæðisstofnunar ríkisins. Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins undirritar bankavaxtabréf þessi. Bankavaxtabréfin skulu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum launafólks vegna fjárfestinga í íbúðarhúsnæði, svo sem íbúðabygginga, íbúðakaupa, endurbóta og breytinga á árunum 1979—1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna heimilisstofnunar, innbúskaupa og kaupa á búnaði, verkfærum og tækjum sem launafólk hefur þarfnast vegna vinnu sinnar á sama tíma.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum eru:

1. Veðskuldabréf þau sem veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Ábyrgð Húsnæðisstofnunar ríkisins.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

2. gr.

Lán þessi skulu aðeins veitt gegn veðum í fasteignum.

Ákvörðun um lánakjör skal tekin af Veðdeild Landsbanka Íslands ásamt fulltrúum Alþýðusambands Íslands í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins og einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna samtaka sem eiga skal sæti í stjórn lífeyrissjóðs á vegum samtakanna og þau tilnefna: Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna, Sambands bankamanna. Leitað skal samþykkis félagsmálaráðherra áður en ákvörðunin öðlast gildi.

3. gr.

Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að leyfa launafólki í leiguhúsnæði á vegum ríkisins og stofnana þess að veðsetja leiguhúsnæði sitt til tryggingar á lánum skv. lögum þessum enda sýni leigutakar fram á að þeir eigi í lausafjármunum, s. s. innbúi, bifreið o. þ. h., eignir er svari a. m. k. lánsfjárhæðinni og fallist á að veita ríkinu eða hlutaðeigandi ríkisstofnun veð í þeim eignum eða aðra tryggingu fyrir skilvísri greiðslu lánsins.

4. gr.

Lán skv. lögum þessum, að viðbættum þeim sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvöddum mönnum með sama hætti og tíðkast hefur við veitingu lána gegn fasteignaveði hjá Veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

5. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna svo og um frekari skilyrði ef þurfa þykir. Skal hann leita umsagnar stjórnar Húsnæðisstofnunar ríkisins svo og Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna og Sambands bankamanna.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ríkisstjórnin hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán (196. mál neðri deildar). Í frumvarpi því er ráðgert að breyta öllum lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga á jörðum þeirra, jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa frá og með árinu 1979 til og með árinu 1983 í föst lán.

Í gildi eru önnur lög um sama efni frá 16. maí 1979. Í þeim lögum var lausaskuldum bænda frá 1970—1979, að báðum árum meðtöldum, með sama hætti breytt í föst lán. Verði frumvarp ríkisstjórnarinnar samþykkt á Alþingi hefur öllum lausaskuldum bænda s.l. fjórtán ár þar með verið breytt í föst lán.

Nú skal ekki draga í efa nauðsyn þess að breyta öllum lausaskuldum einnar atvinnustéttar í landinu frá samfelld fjórtán árum í föst lán. Spurningin er aðeins: Hvað hugsa stjórnvöld um alla hina? Fjölmargir stunda framleiðslustörf og safna lausaskuldum þótt þeir starfi ekki í landbúnaði. Hvað um framleiðendur í iðnaði, eins og til dæmis þá sem framleiða vörur til útflutnings úr afurðum landbúnaðarins? Og hvað um aðrar atvinnugreinar, t. d. þjónustu og verslun? Hafa menn ekki einnig safnað lausaskuldum þar?

Og hvað um aðra landsmenn? Hvað um launamenn? Þeim er nú hlaðinn bálköstur uppboðskrafna og uppboðsauglýsinga. Til sannindamerkis er fólki bent á Lögbirtingablaðið sem gefið er út af ríkinu og er á góðri leið með að verða ein umfangsmesta útgáfa á þessu landi. Ef menn þurfa frekari vitna við er þeim bent á Morgunblaðið og DV sem gefin eru út af félögum sjálfstæðismanna en bæði þessi blöð eru undirlögð af auglýsingum um nauðungaruppboð á eignum launafólks. Hvað hugsa stjórnvöld um neyð þessa fólks í sömu andrá og þau leggja til að lausaskuldum framleiðenda í landbúnaði frá samfelldu 14 ára tímabili verði breytt í löng lán með lögum? Eru ekki allir landsmenn jafnir fyrir lögunum? Eða eru sumir jafnari en aðrir af því ártalið er orðið 1984?

Flm. þessa frumvarps bera það fram í trausti þess að á Alþingi sé vilji fyrir því að launafólki sé veittur sami réttur með lögum og veita á framleiðendum í landbúnaði.

Margt í þessu frumvarpi kemur mönnum efalaust undarlega fyrir sjónir við fyrstu sýn og skal það fúslega viðurkennt. Svo er t. d. um ákvæði 2. gr., að lántakendur sjálfir, eða fulltrúar þeirra, skuli eiga hlut að því að ákveða lánskjörin. Sama má einnig segja um ákvæði 3. gr., að leigjendur í húsnæði ríkisins og stofnana þess öðlist heimild til þess að veðsetja eignir ríkisins fyrir lausaskuldum sínum. Hvorugt telst vera almenn regla og stingur án efa í augu við fyrsta yfirlestur. Því er þá til að svara að hér er aðeins stuðst nákvæmlega við fyrirmyndir úr frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Þar er lagt til að lántakendur sjálfir, eða fulltrúar þeirra, hlutist til um lánskjörin (2. gr.) og enn fremur að leiguliðum á ríkisjörðum verði heimilað að veðsetja ríkiseignir fyrir lausaskuldum sínum (3. gr.).

Þá er það einnig sameiginlegt með báðum frumvörpunum að menn renna nokkuð blint í sjóinn með hve mikilla fjármuna er þörf til þess að breyta lausaskuldunum í lengri lán og er því í báðum tilvikunum lagt til að Alþingi afgreiði málið án takmarkana. Þó er sá munurinn á að Stofnlánadeild landbúnaðarins auglýsti í nóvembermánuði s. l. eftir umsóknum um lánabreytingar frá bændum í trausti þess að Alþingi afgreiddi frumvarp þess efnis, — án þess að það hefði verið samið þegar umsóknanna var óskað og bærust þá 605 umsóknir að fjárhæð 150 m. kr., og er talið að þeim eigi eftir að fjölga og þær að hækka. Enginn forsjáradili launafólks hefur með líkum hætti leitað eftir áhuga þess á málinu áður en frv. þetta var samið þannig að sem sakir standa hafa menn ekki fleiri haldgóðar heimildir og upplýsingar við að styðjast en Lögbirtingablaðið, sem gefið er út af ríkinu, og Morgunblaðið og DV sem gefin eru út af félögum sjálfstæðismanna.

Frumvarpið um breytingu á lausaskuldum bænda 1979—1983 og lögin um breytingu á lausaskuldum bænda 1970—1979 eru birt sem fylgiskjöl.

Lög

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem hafa ekki fengið nægileg lán til hæfilegs tíma vegna fjárfestinga, sem þeir hafa ráðist í á jörðum sínum á árunum 1970 til 1979 að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda ásamt mannvirkjum, sem á jörðinni eru.

Lánskjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánnum samkvæmt lögum þessum, enda séu eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum aldrei minni en sem nemur samanlögðum áhvílandi lánnum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærrí fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því, og skal þá matsverð ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

5. gr.

Ákvæði 3. mgr. 16. gr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til bankavaxtabréfa, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti, sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III. kafla laga nr. 115 7. nóvember 1941 (ef þau falla úr gildi þá laga um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands) um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir, í samráði við stjórn Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 16. maí 1979.

Fylgiskjal II.

1983-84 (106. löggjafarþing) — 196. mál.

Nd. 196. Frumvarp til laga

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

(Lagt fyrir 106. löggjafarþing 1983—84.)

1. gr.

Veðdeild Búnaðarbanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Bankastjórn Búnaðarbanka Íslands undirritar bankavaxtabréf þessi. Bankavaxtabréfin skulu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestinga á jörðum þeirra árin 1979—1983, að báðum árum meðtöldum, svo og lausaskuldum vegna jarðkaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa á sama tíma.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1. Veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

Um ábyrgð ríkissjóðs fer eftir 2. grein laga nr. 28 19. maí 1976 um Búnaðarbanka Íslands. Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð sem að ofan greinir.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda á bújörðum.

Ákvörðun um lánakjör skal tekin af stjórn Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

3. gr.

Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra að leyfa ábúendum ríkisjarða að veðsetja ábúðarjarðir sínar til tryggingar lánnum samkvæmt lögum þessum, enda nægi eignir viðkomandi ábúenda í mannvirkjum á ábúðarjörðum þeirra eða öðrum tryggingarhæfum eignum.

4. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 75% af matsverði veðsins. Heimilt er þó að víkja frá því og skal þá matsverðið ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkast hefur vegna lántöku í Veðdeild Búnaðarbankans.

5. gr.

Ákvæði laga nr. 34 29. maí 1979 um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, gilda um lánveitingar skv. lögum þessum, að öðru en því sem hér er á annan veg ákveðið.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir, í samráði við stjórn Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands ásamt fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðastliðna tvo áratugi hefur fjórum sinnum verið heimilað með lögum að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, með því að Veðdeild Búnaðarbanka Íslands gefi út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Í öllum tilvikum hefur vel til tekist og vandi þorra þeirra bænda, sem í fjárhagsvanda voru, verið leystur.

Undanfarin ár hafa verið mörgum bændum erfið. Á það einkum við þá, sem staðið hafa í fjármagnsfrekum framkvæmdum. Framleiðslutakmarkanir vegna markaðserfiðleika og árferðisáfall hafa einnig raskað hag margra.

Í desembermánuði 1982 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að huga að afkomu bænda, m.a. með hliðsjón af árferðisáfallum og mismunandi tekjum eftir búgreinum. Formaður nefndarinnar var Bjarni Bragi Jónsson, hagfræðingur, og aðrir nefndarmenn Ingi Tryggvason, formaður Stéttarsambands bænda, Jón Ólafsson, bóndi, Eystra-Geldingaholti, Sigurður Líndal, bóndi, Lækjamóti og Sigurður Sigurðsson, bóndi, Brúnastöðum.

Nefndin skilaði tillögum sínum í september s.l. Þar segir nefndin m.a. „að breyting lausaskulda bænda í löng lán sé svo aðkallandi og eigi eðlilega samleið með þeim ráðstöfunum, sem verið er að gera til lengingar á lánum annarra þjóðfélagshópa og atvinnuvega, að hefjast þurfi handa um framkvæmd þeirra aðgerða hið allra fyrsta“.

Athuganir nefndarinnar benda til að 200—300 bændur hafi þörf á því að breyta lausaskuldum í föst lán, að fengnu samþykki kröfuhafa, sem eru fyrst og fremst kaupfélög og lánastofnanir.

Stofnlánadeild landbúnaðarins auglýsti í nóv. s.l. eftir umsóknum þeirra bænda, sem óskuðu eftir að breyta lausaskuldum í föst lán. 605 umsóknir bárust vegna skulda að fjárhæð um 150 m.kr. Sú fjárhæð mun væntanlega hækka, þegar gögn berast um skuldastöðu umsækjenda árið 1983.

Nokkuð vantar á að fullnægjandi gögn hafi fylgt öllum umsóknum og hefur umsækjendum verið bent á að bæta úr því.

Umsóknir skiptast þannig eftir kjördæmum:

Vesturland	122
Vestfirðir	20
Norðurland vestra	127
Norðurland eystra	101
Austurland	73
Suðurland	162
Alls	605

Ástæður umsækjenda verða kannaðar nánar, þegar umbeðnar upplýsingar hafa borist og þá settar reglur í samræmi við það, sem áður hefur verið gert í hliðstæðum tilvikum, byggðar á því að skuldbreyting komi að því gagni, sem að er stefnt.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um heimild til handa Veðdeild Búnaðarbanka Íslands til að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa. Skulu bréf þessi eingöngu notuð til þess að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, enda hafi umsækjendur ekki átt kost á úrlausn fjárhagsvandans eftir öðrum leiðum. Skuldbreyting vegna ársins 1979 nær aðeins til þeirra, sem ekki fengu breytt

lausaskuldum sínum skv. lögum nr. 33 29. maí 1979 um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Vikið er frá ákvæðum 4. gr. 1. nr. 34 29. maí 1979 um tryggingu vaxtabréfa, sem gefin verða út á vegum deildarinnar, verði frumvarp þetta að lögum.

Í stað ábyrgðar ríkissjóðs næst á eftir varasjóði Veðdeildar Búnaðarbankans kemur nú ábyrgð Búnaðarbanka Íslands.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 29 19. maí 1976 ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum Búnaðarbanka Íslands. Þannig nær ábyrgð ríkissjóðs til bréfa þessara eins og áður við útgáfu slíkra bankavaxtabréfa.

Um 2. gr.

Fyrri málsgrein er í samræmi við það sem áður hefur verið, að lán eru aðeins veitt gegn veði í fasteignum bænda á bújörðum þeirra.

Síðari málsgrein gerir ráð fyrir að landbúnaðarráðherra þurfi að samþykkja þau lánakjör, sem ákveðin verða, og að Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, auk fulltrúa Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, geri tillögur um þau lánakjör.

Um 3.—7. gr.

Greinarnar þurfa ekki skýringa við.